



Þjónustu- og þekkingarmiðstöð
fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | Sími 545 5800

Amsler-sjónsviðspróf

Amsler-sjónsviðspróf er góð aðferð til að greina sjónbreytingar. Ef þú hefur greinst með byrjunarstig augnbotna-hrörnunar getur þú sjálf(ur) fylgst með breytingum á sjóninni með því að nota Amsler-sjónsviðsprófið reglulega.

Horfðu alltaf á blaðið í sömu fjarlægð og gerðu prófið á hvoru auga fyrir sig. Hafðu góða birtu. Horfðu fast á svarta punktinn fyrir miðju rúðastrikaða blaðsins og taktu eftir hvort óeðlilegar breytingar verði á línunum. Bjögunin getur lýst sér eins og réttar línur séu bogadregnar, ekki hornréttar eða það vanti línur.

Ef þú verður var/vör við breytingar hafðu þá strax samband við augnlækninn þinn.